



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. mars 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um sálfræðipjónustu í framhaldsskólum. (Þingskjal 3 — 3. mál.)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um sálfræðipjónustu í framhaldsskólum

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreinda þingsályktunartillögu og þakka fyrir það.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka heilshugar undir tillöguna um að öllum nemendum í framhaldsskólum verði tryggt aðgengi að sálfræðipjónustu innan veggja skólanna og hvetja til þess að hún verði samþykkt á Alþingi.

Brottfall úr framhaldsskólum var samkvæmt skýrslu Barnaheilla frá 2016 18,8%, eða það hæsta sem gerist á Norðurlöndum. Sjá:

https://www.barnaheill.is/static/files/pdf/Ending_Educational_and_Child_Poverty_in_Europe_2016.pdf. Afar mikilvægt er að bregðast við miklu brottfalli úr framhaldsskólum til að vinna gegn því að börn og ungmenni flosni upp úr námi. Menntun er meðal þess sem sker úr um hvernig fólki reiðir af í samfélaginu og vinnur meðal annars gegn fátækt.

Geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni er samkvæmt úttekt ríkisendurskoðunar frá 2016 ábótavant. Sjá: <http://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/02/SU-Gedheil-born-unglinga.pdf>.

Samkvæmt reynslu er nýting á sálfræðipjónustu í framhaldsskólum góð þar sem boðið hefur verið upp á hana. Sjá m.a.

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/03/08/ungt_folk_synir_streitueinkenni/.

Barnaheill hvetja Alþingi til að tryggja öllum börnum jafnt aðgengi að sálfræðipjónustu og setja stefnu, í viðbót við það sem fram kom í geðheilbrigðisáætlun frá 2016, um þjónustu sálfræðinga í framhaldsskólum.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu, þ.á m. geðheilbrigðisþjónustu, án mismununar.

6.3.2018

Umsögn frá skólameistara Flensborgarskólans, vegna máls á 148. löggjafarþingi 2017–2018, þingskjal 64 — 62. mál sem er tillaga til þingsályktunar um sálfræðipjónustu í framhaldsskólum. Flutningsmenn eru: Guðjón S. Brjánsson, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðmundur Andri Thorsson, Helga Vala Helgadóttir, Logi Einarsson, Oddný G. Harðardóttir. Og hljóðar ályktunin sem svo: *Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að sjá til þess að frá og með skólaárinu 2018–2019 verði öllum nemendum í framhaldsskólum landsins tryggt aðgengi að sálfræðipjónustu innan veggja skólanna þeim að kostnaðarlausu. Ráðherra hafi samráð við Kennarasamband Íslands og Sálfræðingafélag Íslands um tilhögun þjónustunnar, m.a. um meðferð sem veitt er, fjölda nemenda á hvern sálfræðing o.fl.*

Undirritaður fagnar framtaki ofantaldra þingmanna en spyr sig um leið

1. Hvort er brýnna að tryggja ókeypis aðgengi innan skólanna eða setja í gagnið forvarnir, svona eins og gert væri ef um slæma pest er að ræða? Það er mikilvægt að skólar hafi aðgang að sálfræðipjónustu en það er líka hægt að sjá fyrir sér forvarnaaðgerðir, s.s. Núvitund, jákvæða menntun, HAM (Hugræna atferlismeðferð), skólabrag, klúbbastarf og fleira, fremur en eingöngu meðhöndla sjúkdómana.
2. Þá spyr ég mig hvers vegna ráðherra á að hafa samband við KÍ um málið? Hvaða hagsmuni á KÍ að sjá um í þessu máli? Ekki verða sálfræðingarnir félagsmenn KÍ. KÍ er ekki málsvari skólanna og er stéttarfélag hluta (stærri hluta) þess hóps sem þar starfar.
3. Ég spyr mig einnig hvort ofangreindir þingmenn hafi ekki kannað stöðu málsins í framhaldsskólum og verkefni sem þar hafa verið í gangi undanfarin ár?
4. Þá vefengi ég að það eigi að koma upp meðferðarkerfi innan skólanna, eins og vikið er að í greinargerð. Skólinn getur verið í samstarfi við heilbrigðiskerfið en hann á ekki að vera meðferðarstofnun nema stjórnvöld séu reiðubúin í að leggja mikla vinnu í endurmenntun starfsmanna og annars konar skipulag en almennt tíðkast í skólum samtímans.
5. Í nýlegri skýrslu menntamálastofnunar má sjá töflu yfir orsakir þess að nemendur hættu í skóla á haustönn 2017. Hún er mjög dæmigerð fyrir umliðin ár. Þar má lesa að um helmingur hættir af ytri aðstæðum og persónulegum ástæðum. Við seinni þáttinn gagnast sálfræðingur en þann fyrri félagsþjónustan. Þá kemur fram að um fjórðungur þeirra sem hættu var vísað frá námi vegna brota á reglum. Þeir sem eftir standa hætta af námslegum ástæðum eða um 17%. Væri ekki ráð að kíkja á það?

Sem fyrr er þessari umræðu fagnað. Að mínu viti þarf að setja þessari hugmynd skýrari ramma, gera hana forvirka frekar en meðferðarmiðaða og ég tel mikilvægt að hafa samráð við stjórnendur skólanna sem hafa þegar verið að nýta sér þessa þjónustu um markmið hennar og eftirspurn. Þessi þjónusta er mikilvæg en hún er ekki skilyrðislaus og hún á að tengjast skólunum en ekki stéttarfélagi kennara.

Með öðrum orðum – það þarf að þarfagreina og skilgreina áður en við förum í að framkvæma. Sú bylgja sálrænna kvilla og sjúkdóma sem nú ríður yfir er þess eðlis að það þarf einnig að komast að rót vandans, samhliða nauðsynlegri greiningu og meðhöndlun.

Með vinsamlegri kveðju

=====

Magnús Þorkelsson/ M Thorkelsson

Skólameistari Flensborgarskóla

<http://www.flensborg.is/maggi/> flensborg@flensborg.is



HEILSUEFLANDI framhaldsskóli

velliðan fyrir alla

Flensborg er heilsueflandi skólinn - fyrst og fremst!

Umsögn um 62. mál frá nefndasviði Alþingis

frá Kennarasambandi Íslands / Félagi framhaldsskólakennara

Sálfræðiþjónusta í framhaldsskólum

til: nefndasvid@althingi.is

Félag framhaldsskólakennara (FF) fagnar framtaki Alþingis að fela mennta- og menningarmálaráðherra að sjá til þess að frá og með skólaárinu 2018–2019 verði öllum nemendum í framhaldsskólum landsins tryggt aðgengi að sálfræði- og geðheilbrigðisþjónustu innan veggja skólanna sér að kostnaðarlausu.

Félag framhaldsskólakennara hefur lengi hvatt til úrbóta varðandi nemendur sem standa höllum fæti og hefur eftirspurn eftir sálfræðiþjónustu farið vaxandi. Í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 er kveðið á um að setja hagsmuni nemenda í forgrunn hvað varðar menntun, þroska og farsæld á skólagöngu. Þó er enn óljóst um framkvæmd ýmissa ákvæða laganna sem fela í sér ávinning fyrir nemendur, svo sem um heilsuvernd, hollustuhætti og forvarnir. Mjög mikilvægt er að þessi atriði verði efnd hið fyrsta, samhliða nýjum áherslum.

Brýnt er nú sem aldrei fyrr að leggja meira af mörkum og styðja við nemendur sem eiga í erfiðleikum og/eða eru í brottfallhættu og lítur Félag framhaldsskólakennara á þetta framtak sem mikilvægt skref í þá átt, til viðbótar því stuðningskerfi sem fyrir er í skólunum. Tryggja þarf að starfsaðstæður séu fyrir hendi og að skólarnir fái fjárveitingar í samræmi við rekstrarlegan kostnaðarauka sem af þessu hlýst.

Félag framhaldsskólakennara leggur þó megináherslu á að væntanleg sálfræðiþjónusta skerði ekki það stuðningskerfi er fyrir er í skólunum. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er afar mikilvægt í innan framhaldsskólans. Meginverkefni þeirra eru að standa vörð um farsæld allra nemenda og sinna þörfum þeirra með ráðgjöf um nám, persónuleg málefni og náms- og starfsval. Einnig liðsinna þeir kennurum vegna námsvanda einstakra nemenda, eru þeim til aðstoðar við skipulagningu og umsjón með nemendahópum og eiga samstarf við annað starfsfólk skóla og foreldra. Náms- og starfsráðgjáfar eru sérfræðingar í breytingum og þróun á náms- og starfsferli einstaklinga alla ævi. Það er því afar mikilvægt að draga ekki úr vægi þeirra. Félag framhaldsskóla leggur áherslu á í framhaldsskólum sé komið á heildstæðri náms- og starfsráðgjafaáætlun þar sem 300 nemendur eða færri eru að baki hverju stöðugildi.

Gengið verði til samstarfs við Sálfræðingafélag Íslands um tilhögun þjónustunnar. Félag framhaldsskólakennara gerir þó athugasemd við síðustu efnisgrein þingskjalsins og telur að einn sálfræðingur í fullu starfi ætti að hámarki að geta sinnt 300 nemendum í greiningu, ráðgjöf og meðferð. Þjónusta af þessu tagi er brýn þegar þörfin kallar og þolir enga bið.

Reykjavík, 13. mars 2018

Guðríður Arnardóttir

formaður Félags framhaldsskólakennara

Alþingi
Nefndarsvið Alþingis
b.t. Velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.



Reykjavík 15. mars 2018

Erindi: Umsögn Sambands Íslenskra Framhaldsskólanema (hér eftir SÍF eða Sambandið) við þingmál 62/148 er varðar sálfræðipjónustu í framhaldsskólum.

Hávær krafa er meðal nemenda að boðið verði upp á gjaldfrjálsa sálfræðipjónustu innan framhaldsskólanna, en hún er eitt viðamesta umfjöllunarefni fulltrúa nemendafélaganna í sambandsstjórn SÍF. Á stuttum tíma hefur tvisvar verið ályktað um málið, á sambandsstjórnarfundum haustið 2015¹ og aftur haustið 2017² en SÍF telur þjónustuna vera brýnustu réttindabót framhaldsskólanema á Íslandi.

Geðraskanir hrjá ungt fólk í miklum mæli, en haustið 2017 hættu 141 framhaldsskólanemendur í skóla vegna andlegra veikinda að eigin sögn³. Hafa ber í huga að þessi tala gerir ekki ráð fyrir þeim einstaklingum sem eiga við andleg veikindi að stríða eða gáfu upp aðra ástæðu brotthvarfs, eins og brot á mætingarreglum eða áhugaleysi sem helstu ástæðu brotthvarfsins. Samkvæmt Hvítbók mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá árinu 2014⁴ ljúka einungis 44% nemenda framhaldsskóla á tilsettum tíma og segir einnig að markmiðið sé að „hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsskólaprófi á tilskildum tíma fari úr 44% (2011) í 60% 2018“.

Embætti Landlæknis bendir á slæma geðheilsu ungs fólks í Talnabrunni sínum fyrir mars 2018⁵:
“Almennt má segja að yngri aldurshópar séu verr settir en þeir eldri hvað snertir flesta mælikvarða sem tengjast andlegri líðan. Ungu fólkið upplifir meiri streitu, finnur oftast fyrir einmanaleika, metur andlega heilsu sína verr og hamingju sína minni en þeir sem eldri eru. Ungir karlar telja sig mun síður hamingjusama en aðrir hópar, en minna en helmingur karla undir 35 ára telur sig hamingjusama og 8% telja sig óhamingjusama.”

Þess má einnig geta að samkvæmt skýrslu Tryggingastofnunnar árið 2013⁶ eru 60% öryrkja undir þrítugt öryrkjar vegna geðraskanna. Á þeim tíma voru það um 975 einstaklingar.

Heilmikill möguleiki er því til þess að lækka brottfall og örorku með aðgerðum sem vinna gegn geðheilbrigðisvandamum. SÍF telur sálfræðinga í framhaldsskólum vera mikilvægt skref í áttina að bættri geðrænni lýðheilsu. Mikilvægt sé að sálfræðingar séu sýnilegir innan veggja skólanna og ítrekar sambandið að ekki nægi að fjölga sálfræðingum inn á heilsugæslum, skrefin þangað inn eru þung fyrir marga og telur SÍF að slíkt viðhaldi þeirri feimni og fjarlægð sem hingað til

hefur verið viðloðandi þjónustuna. Með því að staðsetja sálfræðinga við hlið starfs- og námsráðgjafa verði þeir eðlilegur hluti af daglegu lífi nemenda sem aftur dregur úr feimni nemenda við að leita sér aðstoðar. Þannig geta sálfræðingar gripið inn í mjög snemma og brugðist við vandamálum áður en þau verða alvarleg og illmeðfærileg.

Þá er mikilvægt að hlutverk skólasálfræðinganna verði vel skilgreint, en sem dæmi má nefna hefur skólasálfræðingur Menntaskólans við Hamrahlíð ekki einungis sinnt viðtölum við nemendur heldur einnig sinnt forvarnarstarfi, svo sem prófkvíðanámskeið sem hafa verið vel nýtt og gefist vel innan skólans.

Samkvæmt könnun í Ástralíu⁷ tekur að meðaltali 8,2 ár fyrir þá sem eiga við geðkvilla að stríða að leita sér hjálpar. Af þeim tíma tekur að meðaltali 7,3 ár að átta sig á því að geðkvillinn sé til staðar. SÍF telur að sálfræðingar sem sinna forvarnarstarfi innan framhaldsskólanna geti stuðlað að aukinni þekkingu á geðheilbrigði meðal almennings og geti leitt til þess að einstaklingar átti sig fyrir á vandanum og leiti sér fyrir hjálpar.

SÍF bendir að lokum á mikilvægi þess að nemendur séu við borðið þegar ákvarðanir eru teknar um þeirra hagsmuni, og eðlilegast sé að samráð verði haft við fulltrúa þeirra um útfærslu þjónustunnar. SÍF leggur því til eftirfarandi breytingu á tillögunni:

Er nú:

Ráðherra hafi samráð við Kennarasamband Íslands og Sálfræðingafélag Íslands um tilhögun þjónustunnar.

Verður:

Ráðherra hafi samráð við Kennarasamband Íslands, Sálfræðingafélag Íslands, og Samband íslenskra framhaldsskólanema um tilhögun þjónustunnar.

SÍF óskar einnig eftir tækifæri til að gera grein fyrir umsögn sinni á fundi Velferðarnefndar.

Heimildir

- (1) Samband íslenskra framhaldsskólanema, 2015, "Ályktun sambandsstjórnarþings um sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum", <https://neminn.is/2016/01/alyktun-sambandsstjornarthings-um-salfraedithionustu-i-framhaldsskolum/>
- (2) Samband íslenskra framhaldsskólanema, 2017, "Sálfræðiþjónusta í framhaldsskólum", <https://neminn.is/2018/01/alyktanir-fra-sambandsstjornarthingi-sif-11-12-november/>
- (3) Menntamálastofnun, 2018, "aðgerðir gegn brotthvarfi - staða verkefnis - febrúar 2018", https://www.mms.is/sites/mms.is/files/adgerdir_gegn_brotthvarfi_stoduskvrsla_februar_2018.pdf

- (4) Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014, "Hvítbók um umbætur í menntun",
https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf
- (5) Embætti Landlæknis, mars 2018, "Talnabrunnur, Líðan Íslendinga 2017",
<https://www.landlaeknir.is/utgefid-efni/skjal/item34554/>
- (6) Tryggingastofnun, 2013, "Helsta orsök örorku eftir sjúkdómaflokkum",
<https://www.tr.is/media/tolutidindi/Helst-orsok-ororku-efir-sjukdomaflokkum2012.pdf>
- (7) Thompson, A., Issakidis, C., & Hunt, C. (2008). Delay to seek treatment for anxiety and mood disorders in an Australian clinical sample. Behaviour Change, 25, 71– 84. doi:10.1375/bech.25.2.71
- (8) Sambandið bendir einnig á nýlegar skýrslur frá FINEEC, en þær snúa að innleiðingu Finnsku nemendavelferðalaganna frá 2014. Skýrslurnar eru eins og er einungis aðgengilegar á Finnsku.
Almennt nám:
<https://karvi.fi/en/publication/evaluation-implementation-pupil-student-welfare-act-pre-primary-education-basic-education-general-upper-secondary-education/>
Iðnnám:
<https://karvi.fi/en/publication/evaluation-implementation-pupil-student-welfare-act-vocational-education-training/>



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 16. mars 2018

Efni: Tillaga til þingsályktunar um sálfræðipjónustu í framhaldsskólum, 62. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 26. febrúar sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreinda tillögu til þingsályktunar.

Umboðsmaður barna vísar til fyrri umsagnar embættisins um þingsályktunartillögu sama efnis, dags. 17. mars 2017.

Íslenskum stjórnvöldum ber að tryggja börnum og ungmennum þá vernd sem velferð þeirra krefst eins og kveðið er á um í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 3. gr. Barnasáttmálans, Samnings sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Í Barnasáttmálanum er jafnframt kveðið á um rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja sem og aðstöðu til læknismeðferðar og endurhæfingar, sbr. 1. mgr. 24. gr. Þá er jafnframt brýnt að börnum sé tryggð sú þjónusta sem þau þurfa á að halda, eins fljótt og unnt er, enda er snemmtæk íhlutun forsenda þess að koma megi í veg fyrir að vandi ungmennis fylgi því fram á fullorðinsár.

Um 20.000 ungmenni stunda nám við íslenska framhaldsskóla og er um að ræða fjölbreyttan hóp ungmenna úr afar mismunandi aðstæðum og með margvíslegar þarfir. Leiða má að því líkur að nýtilkomin stytting náms í framhaldsskólum hafi haft í för með sér aukið álag á nemendur sem getur valdið kvíða og streitu með tilheyrandi andlegu álagi og vanlíðan. Í stöðuskýrslu Menntamálastofnunar um aðgerðir gegn brotthvarfi frá febrúar 2018 kemur fram að á árinu 2017 hafi 141 nemandi hætt námi í framhaldsskóla vegna andlegra veikinda og er því ljóst að vandinn er mikill. Því er brýnt að gripið sé til aðgerða sem fyrst til að stemma stigu við brotthvarfi úr skóla og vísbendingum um vaxandi andlega vanheilsu ungmenna.

Á síðustu árum hafa nokkrir framhaldsskólar tekið þátt í tilraunaverkefni um sálfræðipjónustu og hefur reynslan af því verið afar jákvæð og sýnt fram á þörfina fyrir slíka þjónustu. Það er

Því brýnt að tryggja aukið aðgengi að sálfræðiþjónustu í öllum framhaldsskólum landsins ásamt því að tryggja sambærilega þjónustu fyrir þau ungmenni sem eru utan skóla.

Umboðsmaður hefur ítrekað áréttað að öll börn og ungmenni eigi að njóta sama réttar án mismununar eins og kveðið er á um í ákvæðum 2. gr. Barnasáttmálans. Því ber að leggja áherslu á að réttur barna og ungmenna til nauðsynlegrar þjónustu sé tryggður án tillits til efnahags foreldra þeirra, búsetu eða annarra þátta. Umboðsmaður barna tekur því heilshugar undir markmið þingsályktunartillögununar um að í upphafi næsta skólaárs verði tryggt að í öllum framhaldsskólum landsins hafi nemendur aðgang að sálfræðiþjónustu sér að kostnaðarlausu.

Virðingarfyllst,
Salvör Nordal,
umboðsmaður barna